

29. MAÍ, FÖSTUDAGUR KL. 19:30
30. MAÍ LAUGARDAGUR KL. 17

MAHLER

GUSTAV MAHLER

SINFÓNÍA NR. 8

ELDBORG HARPA

LSTA HÁTÍÐ Í REYKJAVÍK



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

VELKOMIN



VINSAMLEGAST HAFIÐ SLÖKKT
Á FARSÍMUM MEÐAN Á
TÓNLEIKUM STENDUR

TÓNLEIKAGESTIR ERU BEÐNIR UM
AÐ KLAPPA AÐEINS Í LOK TÓNVERKS

TÍMALENGD VERKS:

SINFÓNÍA NR 8
FYRRI HLUTI: 25'
SEINNI HLUTI: 60'

Tónleikarnir eru teknir upp og þeim verður útvarpað
á Rás 1 þann 31. maí og sjónvarpað á RÚV 1. júní.



Tónleikarnir eru samstarfsverkefni
Sinfóníuhljómsveitar Íslands
og Listahátíðar í Reykjavík.

MAHLER 8

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 29. MAÍ KL. 19:30 & 30. MAÍ KL. 17:00

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

EVA OLLIKAINEN
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

BRYNDÍS GUÐJÓNSDÓTTIR
ÁLFHEIÐUR ERLA GUÐMUNDSDÓTTIR
DÍSELLA LÁRUSDÓTTIR
ANNA KISSJUDIT
HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR
SIMON O'NEILL
ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON
TÓMAS TÓMASSON
EINSÓNGVARAR

MÓTETTUKÓRINN
HLJÓMEYKI
STEFAN SAND, KÓRSTJÓRI

SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA
KÓR LANGHOLTSKIRKJU
MAGNÚS RAGNARSSON, KÓRSTJÓRI

SKÓLAKÓR KÁRSNESS
ÁLFHEIÐUR BJÖRGVINSDÓTTIR, KÓRSTJÓRI

GUSTAV MAHLER

Sinfónía nr. 8 í Es-dúr (1906)

I Hymnus *Veni, creator spiritus*

II Schluss-Szene aus Goethes Faust. Poco adagio
frumflutningur á Íslandi

Pýðingar á söngtextum má finna á blaðsíðu 12

Ekkert hlé er á tónleikunum.

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: [en.sinfonia.is](#)

EVA OLLIKAINEN

HLJÓMSVEITARSTJÓRI



Með flutningnum á 8. sífóníu Mahlers kveður finnski hljómveitarstjórinn Eva Ollikainen starf sitt sem aðalstjórnandi Sífóníuhljómveitar Íslands en því hefur hún gegnt frá árinu 2020. Hún stundaði tónlistarnám við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómveitarstjóra árið 2003. Hún kom fyrst til Íslands tveimur árum síðar þegar hún stjórnaði framhaldsskólatónleikum Sí með nær engum fyrirvara og hún stjórnaði síðan þrennum áskriftartónleikum sveitarinnar á árunum 2007–2010. Í febrúar 2019 snéri hún aftur og stjórnaði í fyrsta sinn í Hörpu og skömmu síðar tók hún boði hljómveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar. Fyrsta plata Sí undir stjórn Evu, með verkum eftir Önnu Þorvaldsdóttur, kom út í hittifyrri hjá Sono Luminus og á liðnu ári kom svo plata með hljómveitarverkum Báru Gísladóttur sem vakið hefur verðskuldaða athygli, meðal annars valdi tímaritið *New Yorker* hana eina athyglisverðustu útgáfu ársins.

Eva Ollikainen hefur stjórnað virtum hljómveitum víða um heim, meðal annars Útvarpshljómveitunum í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmóníusveitunum í Helsinki og Stokkhólmi, Sífóníuhljómveitinni í Vínarborg, Staatskapelle Dresden, Sífóníuhljómveit Breska útvarpsins (BBC), Fílharmóníusveitinni í Los Angeles og Sífóníuhljómveitinni í Tokyo. Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi í Semperoper í Dresden og við óperuhúsin í Kaupmannahöfn, Gautaborg, Stokkhólmi og Helsinki.

Eva er tíður gestakennari við Sibeliusar-akademíuna og hún hafði frumkvæði að stofnun Hljómveitarstjóra-akademíu Sífóníuhljómveitar Íslands þar sem ungir og efnilegir tónlistarnemar fá tækifæri til þess að stjórna hljómveitinni.



BRYNDÍS GUÐJÓNSDÓTTIR

EINSÖNGVARI

Bryndís Guðjónsdóttir sópran lauk söngnámi með láði frá Mozarteum-tónlistarháskólanum í Salzburg árið 2021 og hefur síðan komið fram í óperuhúsum víða um Evrópu. Verkaskrá hennar er breið, hún hefur sungið í óperum eftir Purcell, Mozart, Offenbach og Britten, svo dæmi séu tekin. Á tónleikasviðinu hefur hún meðal annars farið með einsöngshlutverk í *Carmina Burana* eftir Orff og í 9. símfóníu Beethovens. Bryndís hlaut Grímuverðlaunin í fyrra fyrir frammistöðu sína í hlutverki greifvinnar í *Brúðkaupi Fígarós* sem Kammeróperan setti upp í Borgarleikhúsinu.



ÁLFHEIÐUR ERLA GUÐMUNDSDÓTTIR

EINSÖNGVARI

Sópransöngkonan Álfheiður Erla Guðmundsdóttir þreytti frumraun sína á óperusviðinu árið 2019 hjá Staatsoper Unter den Linden í Berlín í hlutverki Mjallhvítar í samnefndri óperu Wolfgangs Mitterer. Hún hefur síðan komið fram víða í sviðsverkum eftir tónskáld frá ólíkum tímum svo sem Monteverdi, Verdi, Messiaen, Philip Glass og Unsuk Chin. Álfheiður fór síðastliðið haust með titilhlutverkið í óperunni *Lisa í Undralandi* eftir þá síðastnefndu þegar verkið var sýnt í Theater an der Wien. Hún hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2021 sem söngkona ársins í flokki sígildrar og samtímatónlistar.



DÍSELLA LÁRUSDÓTTIR

EINSÖNGVARI

Dísella Lárusdóttir sópran stundaði framhaldsnám í söng í Bandaríkjunum og hefur að mestu leyti starfað vestanhafs, ekki síst við Metropolitan-óperuna í New York þar sem hún þreytti frumraun sína árið 2013. Hún hefur sungið í mörgum uppfærslum við húsið og hafa fjórar þeirra, *Francesca da Rimini*, *Rusalka*, *Marnie* og *Akhnaten*, ratað í beina útsendingu í kvikmyndahús um allan heim. Dísella vann til Grammy-verðlauna fyrir hljóðritun á *Akhnaten* og hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2018 sem söngkona ársins í flokki sígíldrar og samtímatónlistar.



ANNA KISSJUDIT

EINSÖNGVARI

Ungverski mezzósópraninn Anna Kissjudit er rísandi stjarna í óperuheiminum og hefur vakið mikla hrifningu fyrir Wagner-túlkun sína. Hún er fastráðin við Staatsoper Unter den Linden í Berlín og syngur þar hlutverk Erdu í hinni nýju uppfærslu Niflungahringins við húsið. Kissjudit hefur einnig sungið Wagner-hlutverk við Vínaróperuna, á La Scala í Milanó og Wagnerhátíðinni í Bayreuth þar sem hún mun í sumar fara með hlutverk Fricku í fyrsta sinn. Á tónleikasviðinu hefur hún meðal annars farið með einsöngshlutverk í 2. og 3. sínfóníu Mahlers og í 9. sínfóníu Beethovens.



HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR

EINSÖNGVARI

Hanna Dóra Sturludóttir mezzósópran hefur um árabíl verið ein af okkar fremstu söngkonum og sungið mörg óperuhlutverk hérlandis og erlendis, nú síðast hlutverk Madame de Croissy í *Dialogues des Carmélites* eftir Poulenc við óperuna í Saarbrücken. Hún hlaut í fyrra Gelsenkirchener Theaterpreis fyrir hlutverk sitt í *Innocence* eftir Kaiju Saariaho og í ár hrepti hún í annað sinn Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir söng ársins í flokki sígildrar og samtímatónlistar en verðlaunin hlaut hún fyrst 2014 fyrir hlutverk Eboli í *Don Carlo*.



SIMON O'NEILL

EINSÖNGVARI


Nýsjálenski hetjutenórinn Simon O'Neill hefur komið fram í öllum helstu óperuhúsum heims og er ekki síst rómaður fyrir frammistöðu sína í óperum Richards Wagner. Nýverið fór hann t.d. með hlutverk Tristans í óperunni í Hamborg og söng Parsifal í Ríkisóperunni í Bæjaralandi og í Parísaróperunni. Hann hefur oft sinnis farið með tenórhlutverkið í *Das Lied von der Erde* eftir Mahler og einnig tekið þátt í flutningi í 8. símfóniunnar, meðal annars með Fílharmóníusveitinni í Los Angeles undir stjórn Gustavo Dudamel en sú hljóðritun vann til Grammy-verðlauna.



ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON

EINSÖNGVARI

Barítónsöngvarinn Ólafur Kjartan Sigurðarson hefur átt glæsilegan feril undanfarinn aldarfjórðung og kemur reglulega fram í mörgum virtustu óperuhúsum heims við góðar undirtektir. Hann er ekki síst eftirsóttur sem Wagnertúlkandi og hefur til að mynda farið með hlutverk Alberichs í *Niflungahringnum* á Wagnerhátíðinni í Bayreuth og við La Scala óperuna í Milanó og sungið Biterolf í *Tannhäuser* í Covent Garden í Lundúnum. Ólafur Kjartan var staðarlistarmaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands á síðasta starfsári og kom þá fram á þrennum tónleikum með hljómsveitinni.



TÓMAS TÓMASSON

EINSÖNGVARI

Tómas Tómasson bassabarítón hefur sungið í helstu óperuhúsum austan hafs og vestan við góðan orðstír. Hann er einkar fjölhæfur söngvari og leggur sérstaka rækt við flutning samtímatónlistar. Nefna má að hann skóp hlutverk Svartklædda mannsins í frumuppfærslu óperunnar *Sleepless* eftir Eötvös við Staatsoper Unter den Linden í Berlín og tók nýlega þátt í konsertuppfærslu *Svörtu grímunnar* eftir Penderecki með Pólsku útvarpshljómsveitinni. Tómas er einnig vel heima í verkum Wagners og Mahlers og hefur áður tekið þátt í flutningi 8. sífóníu þess síðarnefnda.

KÓRAR

MÓTETTUKÓRINN

Mótettukórinn var stofnaður árið 1982 af Herði Áskelssyni og hefur lengi verið meðal fremstu kóra landsins. Verkefnalisti hans er langur og fjölskrúðugur og má þar finna fjölmargar óratóríur, passíur og sálumessur en líka kórverk án undirleiks frá ýmsum tímum, auk þess sem kórinn hefur frumflutt fjölda íslenskra tónverka. Kórinn hefur komið reglulega fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands og tók meðal annars þátt í flutningi Upprísusinfóníu Mahlers árið 2018. Mótettukórinn hlaut árið 2021 Íslensku tónlistarverðlaunin sem flytjandi ársins í flokki sígildrar og samtímatónlistar. Stjórnandi kórsins er Stefan Sand.

HLJÓMEYKI

Sönghópurinn Hljómeyki var stofnaður árið 1974 og hefur frá upphafi verið í fremstu röð íslenskra kóra. Verkefnaskrá hans er bæði víðfeðm og fjölbreytt, allt frá kórmúsík endurreisnarinnar til samtímatónlistar. Kórinn átti í samstarfi við Sumartónleika í Skálholti í um það bil þrjá áratugi og frumflutti á þeim tíma tugi verka eftir mörg helstu tónskáld landsins. Hljómeyki hefur oftsinnis komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands, meðal annars við flutning óperanna *La Clemenza di Tito* eftir Mozart, *Carmen* eftir Bizet og *Porgy og Bess* eftir Gershwin. Stjórnandi kórsins er Stefan Sand.

SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA

Söngsveitin Fílharmónía var stofnuð árið 1959, ekki síst til þess að annast flutning stórra kórverka með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Undir stjórn dr. Róberts A. Ottóssonar frumflutti kórinn mörg helstu verk tónlistarsögunnar á Íslandi ásamt hljómsveitinni, svo sem *Carmina Burana* eftir Orff, *Missa solemnis* eftir Beethoven, *Þýska sálumessu* Brahms, *Magnificat* eftir J.S. Bach og *Sálumessu* Verdis. Á nýliðnum árum hefur söngsveitin m.a. tekið þátt í flutningi hljómsveitarinnar á 9. sífóníu Beethovens og *Þýskri sálumessu* og hún kom síðast fram með SÍ á Klassíkinni okkar síðastliðið haust. Stjórnandi kórsins er Magnús Ragnarsson.

KÓR LANGHOLTSKIRKJU

Kór Langholtskirkju var stofnaður árið 1953 og hefur allar götur síðan getið sér gott orð fyrir flutning á stórum, klassískum verkum úr tónlistarsögunni, þar sem meistaraverk Bachs hafa verið í öndvegi. Á undanförunum árum hefur kórinn jafnframt einbeitt sér að söng án undirleiks og meðal annars flutt kórkonsert Schnittkes og *Náttsöngva* Rakhmanínovs. Á síðasta starfsári tók kórinn þátt í frumflutningi *Darraðarljóða* eftir Jón Leifs á 75 ára afmælistónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og kom einnig fram á óperutónleikum hljómsveitarinnar síðastliðið vor. Stjórnandi kórsins er Magnús Ragnarsson.

SKÓLAKÓR KÁRSNESS

Skólakór Kársness fagnaði í haust hálfra aldar afmæli sínu en hann var stofnaður af Þórunni Björnsdóttur árið 1975. Hann hefur síðan verið atkvæðamikill í íslensku tónlistarlífi og sungið á ótal tónleikum og hátíðarstundum um allt land og utan landsteinanna. Kórinn hefur átt frjótt samstarf við ýmsa flytjendur, ekki síst á vettvangi nýrrar tónlistar. Hann hefur komið alloft fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands, meðal annars við flutning verka eftir Jón Leifs og Jón Nordal auk þess að taka þátt í jóla- og fjölskyldutónleikum. Stjórnandi kórsins er Álfheiður Björgvinsdóttir.

GUSTAV MAHLER

SINFÓNÍA NR. 8



TÓNLISTIN OG SÍ
Þetta er frumflutningur á Sinfóníu
nr. 8 á Íslandi.

Það var júní árið 1906 og Gustav Mahler (1860–1911) var kominn í kærkomið sumarfrí frá skyldum sínum sem tónlistarstjóri Vínaróperunnar. Sumrin voru sá tími þegar hann hafði næði til þess að sinna tónsmíðum og hann hafði komið sér upp sumarhúsi í Maiernigg við Wörthervatn þar sem hann dvaldist ásamt Ölmú konu sinni og dætrum þeirra tveimur. Á landareigninni, niðri við vatnið, var enn fremur lítið afdrep þar sem tónskáldið sat dag hvern við skriftir. Þarna, mitt í guðdómlegri náttúrufegurð, laust hvítasunnusálminum *Veni, creator spiritus* (Kom skapari, heilagi andi) niður í huga hans og kveikti hugmynd að nýrri sínfóníu. Hann sá hana í fyrstu fyrir sér sem fjögurra þátta verk þar sem sálmurinn, hylling Skaparans, myndaði uppistöðu fyrsta þáttar en lokapátturinn yrði samsvarandi óður til sköpunarkrafts ástarinnar. Það leið nokkur tími þar til hann komst niður á texta sem hann gæti notað í þetta niðurlag, en lausnin var nær en hann hugði – hann fann hana í einu af sínum uppáhaldsverkum: *Fást* eftir Goethe, nánar tiltekið í lokaatriði síðari hluta leikritsins. Eftir að texti Goethes kom til sögunnar breyttust áætlanir Mahlers um verkið og það varð að sínfóníu í tveimur hlutum, sannkallaðri söngsínfóníu því kórar og einsöngvarar leika stórt hlutverk í flutningnum. Mahler sagði einhvern tíma að mannsröddin væri fallegasta hljóðfæri heimsins og í 8. sínfóníunni nýtir hann raddirnar eins og og hljóðfæri, bæði í kórköflum og einsöngsatriðum.

Hinir tveir hlutar sínfóníunnar geta við fyrstu heyrn virst all ósamstæðir. Í þeim fyrri tónsetur Mahler latneska sálminn, sem munkurinn Hrabanus Maurus orti á 9. öld, á máta sem sækir margt til kirkjutónlistar endurreisnartímans, en síðari hlutinn er óviðjafnanleg útfærsla á þýskum leiktexta Goethes í síðrómantískum anda. Þegar nánar er að gáð kemur í ljós að hlutarnir tveir eru margvíslega tengdir saman með stefjaefni en mestu máli skiptir þó að þeir tjá í sameiningu eina heildarhugmynd. Mahler benti sjálfur á lykilstað í fyrri hluta þar sem kórin singur línurnar *accende lumen sensibus / infunde amorem cordibus* (tendra ljós í sinnum vorum, skenktu ást í hjórtu vor). Þetta stef gengur aftur í ýmsum myndum í síðari hluta sínfóníunnar og er eins konar leiðarstef hinnar allumlykjandi ástar sem endurleysir manneskjuna. Latneski sálmurinn er óður til Skaparans sem er

lifandi lind, eldur og kærleikur, eins og fram kemur í 2. erindi hans. Skáldið biður Guð að veita þessum kærleika inn í hjörtu manna og lýsa upp huga þeirra. Með því að tengja saman sálm Hrabanusar og texta Goethes um sálhjálp Fásts leggur Mahler áherslu á að sköpunarverkið gjörvallt sé sprottið af kærleika og að ástin sé á sama hátt hið skapandi afl í tilvist manneskjunnar, það sem geti frelsað hana frá glötun og að lokum lyft henni til eilífrar sælu. Öll sínfónían miðar að hinu áhrifamikla lokaatriði, *Chorus mysticus*, þar sem hið forgengilega víkur og eilífd kærleikans ríkir.

Það er því varla ofsagt að í þessu verki fari Mahler með himinskautum. Hann taldi sjálfur að 8. sínfónían væri sitt stærsta verk í öllum skilningi og ef til vill fannst honum að með henni hefði hann náð að semja sínfóníu sem væri eins og veröldin: rúmaði allt – en þannig lýsti hann því eitt sinn að sínfónía þyrfti að vera. Hann sagði að verkið væri svo einstakt að inntaki og formi að það væri ekki hægt að lýsa því með orðum, í því hljómuðu ekki lengur mannsraddir heldur svífu þar plánetur og sólar á sporbaugum. Sú áttunda er sannarlega stór í sniðum og kallar á óhemju marga flytjendur. Hljómsveitin er stór, en það er ekki bara til þess að framkalla mikinn hljóm heldur nýtir Mahler einstaklega vel blæbrigði mismunandi hljóðfæra í þessu fjölbreytta verki. Og hljóðfærin eru ekki öll á sviðinu; verkið gerir ráð fyrir hornaflokkum með fjórum trompetum og þremur básúnum sem leikur í fjarska. Kórarnir eru þrjú, tveir blandaðir kórar og einn barnakór og einsöngvararnir átta: þrjú sópranar, tveir altar, tenór, barítón og bassi. Við frumflutning verksins í München í september árið 1910 voru þátttakendur um þúsund talsins sem varð til þess að sínfónían fékk auknefnið Þúsund-sínfónían (*Symphonie der Tausend*). Mahler stjórnaði sjálfur flutningnum sem hlaut feiknalega góðar viðtökur og var það í fyrsta sinn sem nýrri sínfóníu eftir hann var tekið með slíkum kostum og kynjum. Þetta reyndist einnig verða síðasta skiptið sem Mahler stóð á stjórnendapalli við frumflutning eigin verks – átta mánuðum síðar veiktist hann hastarlega og lést í Vínarborg 18. maí 1911, einungis fimmtugur að aldri.

Svanhildur Óskarsdóttir

SÖNGTEXTAR OG ÞÝÐINGAR

1. Hymnus:

Veni, creator spiritus

Veni, creator spiritus,
mentes tuorum visita;
imple superna gratia,
quae tu creasti pectora.

Qui Paraclitus diceris,
donum Dei altissimi,
fons vivus, ignis, caritas,
et spiritalis unctio.

Infirmi nostri corporis
virtute firmans perpeti;
accende lumen sensibus,
infunde amorem cordibus.

Hostem repellas longius,
pacemque dones protinus;
ductore sic te praevio
vitemus omne pessimum.

Tu septiformis munere,
dexteræ paternæ digitus.
[Tu rite promissum Patris,
sermone ditans guttura.]*

Per te sciamus da Patrem,
noscamus [atque] Filium.
[Te utriusque] spiritum
credamus omni tempore.

Da gaudiorum praemia,
da gratiarum munera.
dissolve litis vincula,
adstringe pacis foedera.

Gloria Patri Domino,
natoque, qui a mortuis
surrexit, ac Paraclito
in saeculorum saecula.

*Hrabanus Maurus
nema hvað sjöunda erindið
er úr sálmi eftir
Gregoríus mikla páfa*

1. Lofsöngur:

Kom, skapari, andi

Kom, skapari, andi,
vitjaðu huga þeirra sem þínir eru;
fylltu með himneskri náð
brjóstin sem þú skapaðir.

Þú sem ert nefndur huggari,
gjöf hins allrahæsta guðs,
lífandi lind, eldur, kærleikur
og andlegt balsam.

Þú sem styrkir vora veiku
líkamshluta af eilífri dyggð,
tendra ljós í sinnum vorum,
skenktu ást í hjörtu vor.

Megir þú flæma óvininn lengra burt,
og gefa oss áframhaldandi frið;
svo að með þér sem leiðsögumanni
forðumst vér allt hið versta.

Sjöfaldur að gjöf ert þú
fingur á hægri hendi föðurins.
Réttilega ert þú loforð föðurins
og auðgar barka vora með tungumáli.

Gef að vér í gegnum þig vitum
um föðurinn og þekkjum soninn
og þig, anda hvors tveggja;
vér skulum trúa alla tíð.

Gef oss ávinning gleðinnar,
gef oss náðargjafirnar,
leys úr þrætufjötrum,
fastbind friðarsamninga.

Dýrð sé drottni föður
og þeim sem fæddur var, og reis
upp frá dauðum, og huggaranum,
um aldri alda

* Mahler tónsetti ekki textann í hornklofum.

2. Schlußszene aus „Faust“

Chor und Echo:

Waldung, sie schwankt heran,
Felsen, sie lasten dran,
Wurzeln, sie klammern an,
Stamm dicht an Stamm hinan.
Woge nach Woge spritzt,
Höhle, die tiefste, schützt.
Löwen, sie schleichen stumm,
Freundlich um uns herum,
Ehren geweihten Ort,
Heiligen Liebeshort.

Pater ecstaticus:

Ewiger Wonnebrand,
Glühendes Lieband,
Siedender Schmerz der Brust,
Schäumende Gotteslust.
Pfeile, durchdringet mich,
Lanzen, bezwinget mich,
Keulen, zerschmettert mich,
Blitze, durchwettert mich!
Daß ja das Nichtige
Alles verflüchtige,
Glänze der Dauerstern,
Ewiger Liebe Kern.

Pater profundus:

Wie Felsenabgrund mir zu Füßen
Auf tiefem Abgrund lastend ruht,
Wie tausend Bäche strahlend fließen
Zum grausen Sturz des Schaums der Flut,
Wie strack mit eignem kräft'gen Triebe,

Der Stamm sich in die Lüfte trägt;
So ist es die allmächt'ge Liebe,
Die Alles bildet, Alles hegt.

Ist um mich her ein wildes Brausen,
Als wogte Wald und Felsengrund!
Und doch stürzt, liebevoll im Sausen,
Die Wasserfülle sich zum Schlund,
Berufen gleich das Tal zu wässern:
Der Blitz, der flammend niederschlug,
Die Atmosphäre zu verbessern,
Die Gift und Dunst im Busen trug,

2. Lokaatriði leikverksins „Faust“

Kór og bergmál:

Skógur, hann sveiflast í þessa átt,
klettar, þeir hvíla af þunga þar hjá,
rætur, þær ríghalda sér,
stofn þéttist upp að stofni.
Alda eftir öldu skvettist,
hellirinn, sá dýpsti, veitir skjól,
ljón, þau læðast þöggul,
vinsamleg kringum oss
og heiðra þennan vígða stað,
heilagt ástarathvarf.

Pater ecstaticus:

Eilífur sælueldur,
glóandi ástartengsl,
sjóðheitur sársauki í brjósti,
hvítýssandi guðleg þrá.
Örvar, nístið mig í gegn,
lensur, yfirbugið mig,
kylfur, mölbrjótið mig,
eldingar, leiftrið gegnum mig!
Svo að allt hið hverfula
líði undir lok,
og hin ævarandi stjarna ljómi,
kjarni eilífrar ástar.

Pater profundus:

Eins og klettaafgrunnið mér við fætur
hvilir þungt yfir miklu hyldýpi,
eins og þúsund lækir streyma leiftrandi
að geigvænu steypiflóði fljótslöðursins,
eins og hnarreistur stofn ris

af eigin hvötum upp í loftið;
þannig er það hin almáttuga ást
sem mótar allt, verndar allt.

Umhverfis mig er ofsalegur gnýr, eins og
skógur og klettagrunnur gangi í bylgjum!
Og samt streymir vatnsflóðið
með ástúðlegum nið niður í gjána,
og er til þess kallað að vökva dalinn;
eldingin, sem laust niður í logum
til þess að betrubæta andrúmsloftið,
sem bar eitur og mistur sér í brjósti,

Sind Liebesboten, sie verkünden,
Was ewig schaffend uns umwallt.
Mein Innres mög' es auch entzünden,
Wo sich der Geist, verworren, kalt,
Verquält in stumpfer Sinne Schranken,
Scharf angeschloss'nem Kettenschmerz.
O Gott! beschwichtige die Gedanken,
Erleuchte mein bedürftig Herz!

Engel:

Gerettet ist das edle Glied
Der Geisterwelt vom Bösen:
Wer immer strebend sich bemüht,
Den können wir erlösen;
Und hat an ihm die Liebe gar
Von oben teilgenommen,
Begegnet ihm die sel'ge Schar
Mit herzlichem Willkommen.

Chor seliger Knaben:

Hände verschlinget euch
Freudig zum Ringverein,
Regt euch und singe
Heil'ge Gefühle drein!
Göttlich belehret,
Dürft ihr vertrauen;
Den ihr verehret,
Werdet ihr schauen.

Die jüngeren Engel:

Jene Rosen, aus den Händen
Liebend-heiliger Bűßerinnen,
Halten uns den Sieg gewinnen
Und das hohe Werk vollenden,
Diesen Seelenschatz erbeuten.
Böse wichen, als wir streuten,
Teufel flohen, als wir trafen.
Statt gewohnter Höllenstrafen
Fühlten Liebesqual die Geister,
Selbst der alte Satans-Meister
War von spitzer Pein durchdrungen.
Jauchzet auf! Es ist gelungen.

Die vollendeteren Engel:

Uns bleibt ein Erdenrest
Zu tragen peinlich,
Und wär' er von Asbest
Er ist nicht reinlich.

þetta eru ástarboðberar, sem kunngera
hið eilíflega skapandi sem liðast umhverfis oss.
Megi það einnig upptendra mitt innra líf,
þar sem andinn, ráðvilltur, kaldur,
kvelst í sjálfheldu sljórna skilningarvita,
við sársauka rígfjötrandi hlekkja.
Ó guð! sefaðu hugsanir mínar,
uppljómaðu þurfandi hjarta mitt!

Englar:

Hinn tigni meðlimur andaheimsins
er frelsaður frá illu;
þann sem keppist við og leggur sig fram
getum við endurleyst:
og ef hann hefur átt hlutdeild í
ást sem kemur ofan frá,
þá mætir honum skari hinna sáluhólpnu
og býður hann hjartanlega velkominn.

Kór sælla drengja:

Hendur, fléttið ykkur
fagnandi saman í hring,
hreyfið ykkur og sýnið
heilagar tilfinningar í söng!
Eftir guðlega leiðbeiningu
megið þið bera traust;
þann sem þið dáðið
munuð þið sjá.

Yngri englarnir:

Þessar rósir úr höndum
ástarheilagra iðrandi kvenna
hjálpðu oss að vinna sigurinn
og fullkomna hið göfuga verk,
að hremma þennan sálarfjárjód.
Illar verur hörfuðu, þegar við stráðum,
djöflar flýðu, þegar við mættum þeim.
Í stað venjulegra vitisrefsinga
fundu andarnir ástarkvalir,
jafnvel í gegnum hinn gamla
Satans-höfðingja smaug nístandi sársauki.
Fagnid! Það heppnaðist.

Fullkomnari englarnir:

Eftir eru jarðneskar leifar
sem er vandræðalegt að bera,
og þótt þær væru úr asbesti
eru þær ekki hreinlegar.

Wenn starke Geisteskraft
Die Elemente
An sich herangerafft,
Kein Engel trennte
Geeinte Zwiennatur
Der innigen beiden;
Die ewige Liebe nur
Vermag's zu scheiden.

Die jüngerer Engel:

Ich spür' soeben,
Nebelnd um Felsenhöh',
Ein Geisterleben.
Regend sich in der Näh'
Seliger Knaben,
Seh' ich bewegte Schar
Los von der Erde Druck,
Im Kreis gesellt,
Die sich erlaben
Am neuen Lenz und Schmuck
Der obern Welt.
Sei er zum Anbeginn,
Steigendem Vollgewinn
Diesen gesellt!

Die seligen Knaben:

Freudig empfangen wir
Diesen im Puppenstand;
Also erlangen wir
Englisches Unterpfand.
Löset die Flocken los,
Die ihn umgeben!
Schon ist er schön und groß
Von heiligem Leben.

Doktor Marianus:

Hier ist die Aussicht frei,
Der Geist erhoben.
Dort ziehen Frauen vorbei,
Schwebend nach oben,
Die Herrliche mitteninn
Im Sternenkranze,
Die Himmelskönigin,
Ich seh's am Glanze.

Höchste Herrscherin der Welt!
Lasse mich im blauen,
Ausgespannten Himmelszelt
Dein Geheimnis schauen!

Þegar sterkur kraftur andans
hafði hrifsað til sín
höfuðskepnurnar
gat enginn engill aðskilið
sameinað tvíeðli
hinna beggja nátengdu;
einungis eillíf ást
gæti skilið þau að.

Yngri englarnir:

Rétt í þessu skynja ég
þokuhulið á klettahæð
andlegt líf.
Í grenndinni sé ég bifast
skara hólpinna drengja
á hreyfingu
lausa undan oki jarðarinnar,
tengda saman í hring,
sem gleðjast yfir
nýju vori og skrauti
hins æðra heims.
Lát hann bæstast
í þeirra hóp í upphafi
vaxandi fullnaðarsigurs!

Hinir sælu drengir:

Fagnandi tökum við á móti
þeim sem er á þúpastigi;
þannig öðlumst við
veðrétt englanna.
Losum um flyksurnar
sem umlykja hann!
Nú þegar er hann fagur og mikill
af heilögu lífi.

Doktor Marianus:

Hér er útsýnið óhindrað,
andinn upphafinn.
Þarna fara konur framhjá,
svífandi upp á við.
Hin dýrðlega mitt á meðal þeirra,
stjörnumkrýnd,
himnadrottningin,
ég sé það á ljómanum.

Æðsta drottning veraldar!
Leyf mér að líta á
leynardóma þína í bláu
uppböndu himinhvolfi!

Bill'ge, was des Mannes Brust
Ernst und zart bewegt
Und mit heil'ger Liebeslust
Dir entgegen träget!

Unbezwänglich unser Mut,
Wenn du hehr gebietet;
Plötzlich mildert sich die Glut,
Wenn du uns befriedest.

Doktor Marianus og kór:
Jungfrau, rein im schönsten Sinn,
Mutter, Ehren würdig,
Uns erwählte Königin,
Göttern ebenbürtig.

Kór:
Dir, der Unberührbaren,
Ist es nicht benommen,
Daß die leicht Verführbaren
Traulich zu dir kommen.

In die Schwachheit hingerafft,
Sind sie schwer zu retten;
Wer zerreißt aus eig'ner Kraft
Der Gelüste Ketten?

Wie entgleitet schnell der Fuß
Schiefem, glattem Boden!

Chor der Büsserinnen:
Du schwebst zu Höhen
Der ewigen Reiche,
Vernimmt das Flehen,
Du Gnadenreiche!
Du Ohnegleiche!

Magna peccatrix:
Bei der Liebe, die den Füßen
Deines gottverklärten Sohnes
Tränen ließ zum Balsam fließen,
Trotz des Pharisäer-Hohnes:
Beim Gefäße, das so reichlich
Tropfte Wohlgeruch hernieder:
Bei den Locken, die so weichlich
Trockneten die heil'gen Glieder.

Samþykktu það sem hrærist með alvöru
og viðkvæmni í brjóstum karlmanna,
og þau bera til móts við þig
með heilögum ástarunaði!

Kjarkur vor er óbugandi,
ef þú, hin göfuga, mælir svo fyrir;
skyndilega mildast eldmóðurinn,
þegar þú veitir oss frið.

Doktor Marianus og kór:
Meyja, hrein í feegursta skilningi,
æruverðuga móðir,
drottning sem oss var kjörin,
jafnborin guðum.

Kór:
Þér, hinni ósnertanlegu,
er þess ekki varnað, að
þeir auðveldlega afvegaleiddu
komi til þín í trúnaði.

Þeim sem eru hremmdir af veikleika
er erfitt að bjarga;
hver slítur með eigin afli
hlekki fýsnanna?

Hve hratt skrikar fótur
á hallandi og hálum velli!

Kór iðrandi kvenna:
Þú svífur til hæða
hinna eilífu ríkja,
hlýð þú á bænirnar,
þú hin miskunnsama!
Þú hin óviðjafnanlega!

Magna peccatrix:
Fyrir ástina, sem lét tár hrynja
sem smyrsl að fótum
guðsupphafins sonar þíns,
þrátt fyrir spott fariseanna:
Fyrir ílátið, sem ljúfur ilmur
draup ríkulega niður af;
fyrir hárlökkana, sem þerruðu
svo mjúklega heilaga útlíminu.

Mulier Samaritana:

Bei dem Bronn, zu dem schon weiland
Abram ließ die Herde führen:
Bei dem Eimer, der dem Heiland
Kühl die Lippe durft' berühren:
Bei der reinen, reichen Quelle,
Die nun dorthier sich ergießet,
Überflüssig, ewig helle,
Rings durch alle Welten fließet.

Maria Aegyptiaca (Acta Sanctorum):

Bei dem hochgeweihten Orte,
Wo den Herrn man niederließ:
Bei dem Arm, der von der Pforte,
Warnend mich zurücke stieß,
Bei der vierzigjäh'gen Buße,
Der ich treu in Wüsten blieb:
Bei dem sel'gen Scheidegruße,
Den im Sand ich niederschrieb.

Zu drei:

Die du großen Sünderinnen
Deine Nähe nicht verweigerst,
Und ein büßendes Gewinnen
In die Ewigkeiten steigerst:
Gönn' auch dieser guten Seele,
Die sich einmal nur vergessen,
Die nicht ahnte, daß sie fehle
Dein Verzeihen angemessen!

Una Poenitentium (sonst Gretchen genannt):

Neige, neige,
Du Ohnegleiche,
Du Strahlenreiche,
Dein Antlitz gnädig meinem Glück!
Der früh Geliebte,
Nicht mehr Getrübte,
Er kommt zurück.

Die seligen Knaben:

Er überwächst uns schon
An mächt'gen Gliedern,
Wird treuer Pflege Lohn
Reichlich erwidern.
Wir wurden früh entfernt
Von Lebechören;
Doch dieser hat gelernt,
Er wird uns lehren.

Mulier Samaritana:

Fyrir brunninn sem Abraham
leiddi hjörð sína forðum til:
Fyrir vatnsfötuna sem svalandi
mátti snerta varir frelsarans:
Fyrir tæru, gjafmildu lindina,
sem nú úthellir sér þaðan,
og flæðir yfirfljóttandi, síbjört,
umhverfis og gegnum alla heima.

Maria Aegyptiaca (Acta Sanctorum):

Fyrir háhelgaða staðinn,
þar sem herrann var lagður niður:
Fyrir handlegginn, sem varnaði mér frá
og vísaði á brott frá innganginum.
fyrir fjörtúti ára iðrunartímann
þegar ég hafðist trygglynd við í eyðimörkinni:
fyrir heilögu skilnaðarkveðjuna
sem ég skrifaði í sandinn.

Allar þrjár;

Þú sem neitar ekki bersyndugum konum
að vera á návist þinni,
og lyftir ávinningi iðrunarinnar
upp í eilífðina:
veittu þessari góðu sál,
sem gleymdi sér aðeins einu sinni,
og grunaði ekki að hún hefði syndgað,
tillhlýðilega fyrirgefningu!

Una Poenitentium (annars kölluð Gréta):

Hneigðu, hneigðu,
þú hin óviðjafnanlega,
þú hin ljómaríka,
andlit þitt í náð til hamingju minnar!
Sá sem ég elskaði snemma,
ekki lengur flekkaður,
hann kemur til baka.

Hinir sælu drengir:

Hann er þegar að vaxa upp fyrir okkur
með kröftuga útlími,
hann mun endurgjalda
trúfasta umönnun ríkulega.
Við vorum snemma fjarlægðir
frá samfélagi hinna lifandi:
en þessi hefur lært,
hann mun kenna okkur.

Una Poenitentium (Gretchen):
Vom edlen Geisterchor umgeben,
Wird sich der Neue kaum gegeben,
Er ahnet kaum das frische Leben,
So gleicht er schon der heil'gen Schar.
Sieh, wie er jedem Erdenbande
Der alten Hülle sich entrafft,
Und aus ätherischem Gewande
Hervortritt erste Jugendkraft!
Vergönne mir, ihn zu belehren,
Noch blendet ihn der neue Tag!

Mater gloriosa:
Komm! Hebe dich zu höhern Sphären!
Wenn er dich ahnet, folgt er nach.

Doktor Marianus og kór:
Blicket auf zum Retterblick,
Alle reuig Zarten,
Euch zu sel'gem Glück
Dankend umzuarten!
Werde jeder bess're Sinn
Dir zum Dienst erbötig;
Jungfrau, Mutter, Königin,
Göttin, bleibe gnädig!

Chorus mysticus:
Alles Vergängliche
Ist nur ein Gleichnis;
Das Unzulängliche,
Hier wird's Ereignis;
Das Unbeschreibliche,
Hier ist's getan;
Das Ewig-Weibliche
Zieht uns hinan.

Johann Wolfgang von Goethe

Una Poenitentium (Gréta):
Umkringdur tignum andakór
er sá nýi vart vitandi um sjálfan sig,
hann hefur varla hugboð um hið nýja líf,
nú þegar líkist hann skara hinna heilögu.
Sjáið, hvernig hann losar sig
úr jarðarfjötrum gamla hjúpsins,
og út úr ljósvakamöttlinum
birtist fyrsti æskukrafturinn!
Veit mér að ég megi kenna honum,
ennþá blindar nýi dagurinn hann!

Mater gloriosa:
Kom þú! Lyftu þér upp í æðri hvel!
Þegar hann skynjar þig, fylgir hann eftir.

Doktor Marianus og kór:
Lítið upp til hins frelsandi auglits
allir þeir viðkvæmu sem iðrast,
til að umbreytast í þakklæti
til hólþinnar sælu!
Megi sérhver góðviljaður hugur
vera reiðubúinn að þjóna þér;
meyja, móðir, drottning,
gyðja, ver oss náðug!

Chorus mysticus:
Allt sem er forgengilegt
er einungis líking,
hið ófullgerða
verður hér að veruleika,
hið ólýsanlega
er hér fullkomnað,
hið eilíf-kvenlega
beinir oss upp á við.

Reynir Axelsson þýddi

*Kvika eignastýring veitir allhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVÍKA

Eignastýring

KÓRSÖNGVARAR

HLJÓMEYKI

SÓPRAN

Hildigunnur Rúnarsdóttir
Freyja Jónsdóttir
Drífa Örvarsdóttir
Aðalheiður Ólafsdóttir
Olgalilja Bjarnadóttir
Guðný Guðmundsdóttir
Sigríður H. Gunnarsdóttir
Valborg Steingrimsdóttir
Sólrun Una Þorláksdóttir

ALT

Eygló Höskuldsdóttir Viborg
Guðrún Edda Gunnarsdóttir
Gerður Guðmundsdóttir
Eygló Rúnarsdóttir
Bryndís Bergþórsdóttir
Svanborg Sigurðardóttir
Agla Ástbjörnsdóttir
Jónína Guðrún Kristinsdóttir
Unnur Þorgeirsdóttir
Þórdís Árnadóttir

TENÓR

Þorbjörn Rúnarsson
Ari Hálfán Aðalgeirsson
Finnur Jónsbur
Guðmundur Alfreðsson
Ari Páll Kristinsson
Gunnar Thor Örnólfsson
Ebb Mohr Vang

BASSI

Eðvarð Egilsson
Gunnar Guðnason
Björn Bjarnsteinsson
Úlfur Sveinbjarnarson
Magnús Már Björnsson Sleight
Thomas Wood
Stefan Sand
Egill Gunnarsson
Matthías Harðarson

KÓR LANGHOLTSKIRKJU

SÓPRAN

Alda Úlfarsdóttir
Anna Bjarnsteinsdóttir
Ásdís Björg Gestsdóttir
Ásta Sigríður Arnardóttir
Hafdís María Matsdóttir
Hekla Karen Alexandersdóttir
Helena Marta Stefánsdóttir
Hildur Halldórsdóttir
Ragnhildur J. Júlíusdóttir

ALT

Anna Elísa Axelsdóttir
Arna Kristín Sigfúsdóttir
Ásta Skúladóttir
Björg Þórsdóttir
Edda Kristjánsdóttir
Hulda Margrét Birkisdóttir
Kristín Sigurðardóttir
Margrét Björk Daðadóttir
Sigríður Gíselva Stefánsdóttir

TENÓR

Bjarki Ármannsson
Georg Haney
Guðmundur Arnlaugsson
Hans Júlíus Þórðarson
Heimir Þór Kjartansson
Kristján Guðjónsson
Sigurður Þorkell V. Ómarsson
Skúli Arnlaugsson
Þengill Ólafsson

BASSI

Alain Corbeau
Hilmar Adam Jóhannsson
Ívar Vincent Smáráson
Magnús Guðmundsson
Oddgeir Páll Georgsson
Sigurjón Halldórsson
Tryggvi Helgason
Vésteinn Sigurjónsson

MÓTETTUKÓRINN

SÓPRAN

Anna Samúelsdóttir
Ásdís Kristmundsdóttir
Deirdre Clark
Diljá Þorkeldsdóttir
Guðrún Hólmgeirsdóttir
Halla Björgvinsdóttir
Hallís Ólafsdóttir
Heiðís Vala Þorsteinsdóttir
Maria-Carmela Raso
Ragnhildur Þórhallsdóttir
Rebekka Marteinsdóttir
Sigurbjörg Björnsdóttir
Sólveig Gísladóttir
Þárka Wohlmutthová
Unnur Hjálmarisdóttir
Vilborg Magnúsdóttir

ALT

Anna Lilja Torfadóttir
Arngunnur Einarsdóttir
Elísa Guðrún Brynjólfsdóttir
Emma Friedemann
Fien Druyts
Guðrún Finnbjarnardóttir
Helga Margrét Helgadóttir
Helga Sigríður Þórsdóttir
Hildur Hjartardóttir
Jóhanna Elísa Skúladóttir
Jónína B. Bjarnadóttir
Ólóf Ingólfsdóttir
Ragnheiður Þórdís Gylfadóttir
Rannvá Olsen
Rut Guðmundsdóttir
Sólrun Sif Sigurðardóttir
Valgerður Ólafsdóttir

TENÓR

Andrés Narfi Andrésson
Arnar Númi Sigurðsson
Finnbjörn Hjartarson
Guðjón Böðvarsson
Ingibjartur Jónsson
Ingvar Jón Bates Gíslason
Karl Friðrik Hjaltason
Magnús Gíslason
Magnús Pétursson
Stefán Ólafsson

BASSI

Atli Freyr Steinþórsson
Eric Heinen
Hrólfur Gestsson
Jóhannes Kári Sölmundarson
Martin Kollmar
Niels Rúnar Gíslason
Snorri Hjálmarsson
Sæberg Sigurðsson

SKÓLAKÓR KÁRSNESS

Agnetha Ýr Guðmundsdóttir
Agústa Eva Jónsdóttir
Aldís Rós Andrésdóttir
Alma Margrét Karn Elvarsdóttir
Áróra Björk Stefánsdóttir
Áróra Martinsdóttir Kollmar
Ásdís Heiða Eyþórsdóttir
Björg Sigurðardóttir
Bryndís Sunna Magnúsdóttir
Brynhildur Helga Róbertsdóttir
Brynja Karen Einarsdóttir
Elína Björk Ingudóttir
Emilía Björt Pétursdóttir
Emma Ólavía Sigurðardóttir
Eyrún Svala Gustavsdóttir
Frejya Kirstine Jóhannsdóttir
Friðrika Eik Zachrison Ragnars
Guðrún Stella Þórarinsdóttir
Hafðís Birna Einarsdóttir
Heiða Kristín Eiríksdóttir
Heiðbjört Diljá Kristjánsdóttir
Hekla Bjarkey Magnadóttir
Helen Ivarsdóttir
Hildur Ninja Grétarsdóttir
Hrafnkatla Yma Helgadóttir
Íris Ísafold Pálsdóttir
Ísabella Ósk Hliðarsdóttir
Jóhanna Katla Kristjánsdóttir
Jóhanna Líf Heimisdóttir
Karen Lilja Vignisdóttir
Karen Sól Heiðarsdóttir
Klara Rós Bergmann
Kolfinna Karitas Jónsdóttir
Kristín Emma Darradóttir
Kristrún Lára Róbertsdóttir
Lára Kristbjörg Þórarinsdóttir
Lára Ruth Clausen
Laufey Thea Steinarsdóttir
Lísbet Lóa Ákadóttir le Sage
Lóa Arias
Lovísa Gísladóttir
Margrét Dúna Guðmundsdóttir
Matthildur Danielsdóttir
Ragnheiður Júlía Gísladóttir
Ragnhildur Una Bjarnadóttir
Rakel Harðardóttir
Saga Sól Freysdóttir
Sara Margrét Jónasdóttir
Sigríður Sjana Ákadóttir le Sage
Sigrún Jónasdóttir
Snæðis Elín Stefánsdóttir
Snæfríður Ísold Baldursdóttir
Sóley Kristjánsdóttir
Sonja Móna Stefánsdóttir
Sophie Eik Karlsdóttir Stock
Stefanía Gautadóttir
Steinunn Edda Stefánsdóttir
Victoria Bryndís Skúladóttir
Þóarna Vala Jónsdóttir
Þórey María Hlynsdóttir
Þórunn Ása Snorradóttir

SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA

SÓPRAN

Aðalheiður Elín Lárusdóttir
Agnes Jórunn Andrésdóttir
Áslaug Anna Þorvaldsdóttir
Bryndís Jóhannesdóttir
Brynhildur Pálmarsdóttir
Dagbjört Andrésdóttir
Dagný Arnalds
Dagný Björk Guðmundsdóttir
Elva Rakel Jónsdóttir
Harpa Hrund Berndsen
Hlín Kristbergisdóttir
Ingunn Gyða Hrafnkelsdóttir
Kolbrún Hjálmtýsdóttir
Margrét Leví Ásgeirsdóttir
María Oddný Sigurðardóttir
Rúna Vala Þorgrímsdóttir
Sigríður Rósa Snorradóttir
Snæfríður Sól Snorradóttir
Sólrun Jónsdóttir
Þorbjörg Sigfúsdóttir

ALT

Agnes Hlynsdóttir
Anna Margrét Björnsdóttir
Ása Sjöfn Lörensóttir
Ásdís Ármannsdóttir
Ásthildur Erlingsdóttir
Bára Elíasdóttir
Diljá Hlynsdóttir
Guðlaug Kristjánsdóttir
Hólmfríður Steinþórsdóttir
María Guðmundsdóttir
Pálína Sigurðardóttir
Ragna Bjarnadóttir
Rannveig Magnúsdóttir
Sigbrúður Gunnarsdóttir
Soffía Björk Smith
Sólrun Svava Skúladóttir
Svanhvít Lilja Ingólfsdóttir
Una Strand Viðarsdóttir
Unnur Sigmarsdóttir

TENÓR

Arnór Bogason
Davíð Hörgdal Stefánsson
Gísli Bjarki Gröndal
Gísli Leifsson
Guðmundur Gauti Kristjánsson
Gunnar Björn Bjarnason
Gunnar Freyr Steinsson
Hákon Hákonarson
Jósúa Theodorsson
Luciano Oscar Becerra
Ólafur Guðmundsson
Ottó Már Ivarsson
Þorkell Máni Þorkelsson
Þorsteinn Magni Björnsson

BASSI

Björn Reynir Halldórsson
Brynjar Ó. Guðnason
Doruk Beyter
Guðjón Emilsson
Gunnar Þorgilsson
Haukur K. Bragason
Hrafnkell Orri Sigurðsson
Jóhannes Karl Karlsson
Kristinn Guðnason
Óskar Ericsson
Páll Tómas Viðarsson
Pétur S. Gunnarsson
Sigurður Örn Stefánsson
Sindri Kristinsson
Þorkell L. Magnússon
Þorsteinn Ágústsson

RADISSON BLU 1919 HÓTEL

Í HJARTA REYKJAVÍKUR

88 herbergj og svítur í falletgri skandinavískri hönnun staðsett í einu sögufrægasta húsi borgarinnar.

Radisson Blu 1919 Hotel
Posthusstraeti 2, 101 Reykjavik, Iceland
T: +354 599 1000 info.1919.reykjavik@radissonblu.com

FEEL THE DIFFERENCE
radissonhotels.com/blu

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

1. FÍÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Zbigniew Dubik
Andrzej Kleina
Joanna Bauer
Laufey Jensdóttir
Lin Wei
Hildigunnur Halldórsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Pálína Arnadóttir
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir
Bjargey Birgisdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir Skelton
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Sigrún Harðardóttir
Martin Frewer

2. FÍÐLA

Joaquín Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Ólóf Þorvarðsdóttir
Emma Garðarsdóttir
Sólrun Ylfa Ingimarsdóttir
Pia Sundroos
Kristján Matthíasson
Justyna Bidler
Hlín Erlendsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Ingrid Karlsdóttir

VÍOLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þorfiris
Guðrún Hrund Harðardóttir
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Guðbjartur Hákonarson
Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Fidel Atli Quintero Gasparsson
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Margrét Arnadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Urh Mrak

Tristan Feichtner
Guðný Jónasdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Júlija Mogensen
Bryndís Björgvinsdóttir

BASSI

Xiaoyin Feng
Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Troy Morris
Richard Korn
Hávarður Tryggvason
Jacek Karwan
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

FLAUTA

Rafael Adobas
Áshildur Haraldsdóttir
Björg Brjánsdóttir
Steinunn Vala Pálsdóttir
Caterina Compagno

ÓBÓ

Julia Hantschel
Sandra Simón Monje
Peter Tompkins
Óssur Ingi Jónsson
Matthias Nardeau

KLARÍNETT

Grimur Helgason
Auður Edda Erlendsdóttir
Finn Schofield
Baldvin Ingvar Tryggvason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Clara Manaud
Bryndís Þórsdóttir
Eugénie Ricard
Guðrún Erlendsdóttir
Brjánn Ingason

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Jason Friedman
Jakob Keiding
Yi-Ling Shih
Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Michelle Perry
Abel Pérez Armas

TROMPET

Zach Silberschlag
Szabolcs Koczur
Einar Jónsson
Guðmundur Hafsteinsson
Carlos Navarro Zaragoza
Eiríkur Örn Pálsson
Ingibjörg Ragnheiður Linnet
Gunnar Kristinn Óskarsson

BÁSÚNA

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson
Gunnar Helgason
Steinn Völundur Halldórsson
Floris van Daalen
Ingibjörg Azima Guðlaugsdóttir

BASSABÁSÚNA

David Bobroff

TÚBA

Itamar Elis

HARPA

Katie Buckley
Elísabet Waage

MANDOLÍN

Ólafur Kjartan Sigurðarson

PIÁNÓ

Guðrún Dalía Salómonsdóttir

SELESTA

Liam Kaplan

ORGEL

Lára Bryndís Eggertsdóttir

HARMÓNÍUM

Guðný Einarsdóttir

PÁKUR

Rui Sul Gomes

SLAGVERK

Marco Santos
Frank Aarnink
Steeff van Oosterhout

AÐSTOÐARHLJÓMSVEITARSTJÓRI

Hjörtur Páll Eggertsson

AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI

OG LISTRÆNN STJÓRNANDI

Eva Ollikainen

FRAMKVÆMDA- OG

SKRIFSTOFUTEYMI

Guðni Tómasson

framkvæmdastjóri

Valdís Þorkeldsdóttir

viðburða- og skipulagsstjóri

Hrafnhildur Arnadóttir Hafstað

verkefnastjóri viðburða

Hjördís Ástráðsdóttir

fræðslustjóri

Tryggvi M. Baldvinsson

listrænn ráðgjafi

Jökull Torfason

verkefnastjóri dagskrárgerðar

Margrét Ragnarsdóttir

markaðs- og kynningarstjóri

Kristín Björg Björnsdóttir

markaðsfulltrúi (í leyfi)

Rut Sigurðardóttir

markaðsfulltrúi (afleysing)

Dagrunn Hálfánardóttir

mannauðsstjóri

Svanhvít Hrólfssdóttir

fjármálastjóri

Tracy Bass

nótnavörður

Brynja Guðmundsdóttir

aðstoðarnótnavörður

Sigþór J. Guðmundsson

verkefnastjóri sviðs-

og tæknimála

Björk Björgúlfssdóttir

sviðsmaður

STJÓRN SÍ

Sigurður Hannesson

formaður stjórnar

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Margrét Pálmadóttir

Emil Friðfinnsson

Ragnar Jónasson

NÆRMYND HILDUR GUÐNADÓTTIR

Á LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK



4. JÚNÍ KL. 19:30
ELDBORG HARPA

DANÍEL BJARNASON
HLJÓMSVEITARSTJÓRI
HILDUR GUÐNADÓTTIR
GESTGJAFI OG EINLEIKARI Á SELLÓ

Sinfóníuhljómsveit Íslands kynnir heillandi kvöldstund með tónskáldinu Hildi Guðnadóttur á Listahátíð í Reykjavík. Hljómsveitin flytur tónlist eftir Hildi en einnig önnur tónskáld sem hafa haft áhrif á hana.

Hildur er eitt fremsta kvikmyndatónskáld samtímans og margverðlaunuð fyrir störf sín, hún hefur m.a. hlotið Emmy-, Grammy- og Óskarsverðlaun fyrir tónlist sína í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum.

Örfá sæti laus!



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

MÍÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS